

Félag eldri borgara á Akureyri

Stjórnarfundur EBAK 21. mars 2017

12. Fundargerð.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Gestur Jónsson gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Dóra Steinunn Jónasdóttir, Jón Aðalsteinn Baldvinsson, Arnheiður Kristinsdóttir. Einnig varamennirnir Hallgrímur Gíslason, Kolbrún Kristjánsdóttir og Aldís Björnsdóttir.

1. Formaður setti 12. og síðasta fund stjórnar EBAK á starfsárinu 2016 – 2017.
2. Fundargerð frá 11. stjórnarfundum EBAK þann 28. febrúar s.l., yfirfarin og afgreidd.
3. Dagbókin á skrifstofunni yfirfarin og færslur stjórnarmanna í viðveru skoðaðar. Tveir gengu í félagið hjá Arnheiði þann 1. mars. Þrír vildu borga árgjald en hún tók ekki við því og benti á heimsenda gíróseðla. Spurt var um leigu á salnum. Gestur var 8. mars og fékk þrjár úrsagnir úr félaginu. Hann fann fundargerðabók yfir byggingarsögu Lindarsíðuhúsanna. Hallgrímur var 15. mars og fékk fyrirspurn um húsnæðisbætur. Stefán Vilhjálmsson kom þá með reikning vegna fræðslunefndar. Nauðsynlegt að benda fólki á að greiða árgjaldið í heimabanka til að losna við kostnað við að fá gíróseðil heim.
4. Upplýsingar og umræða um málefni félagsins frá stjórnarfundum 28. febrúar til 21. mars 2017.
 - a) minnisblað FKR, b) æfingar í boccia, snóker og krullu, mæting/umsjón, c) lok briddsnámskeiðs.
 - b) Æfingar í boccia og krullu hófust í síðustu viku. 11 mættu í boccia, m.a. amma frá Sírylandi. 2 konur mættu í krulluna. Hallgrímur Gíslason fylgir þessu eftir í næstu viku en svo þarf að koma á fót umsjónarhópum með þessu tvennu.
 - c) Briddsnámskeiðið gekk mjög vel og fram komu óskir um meira í haust.
5. Upplýst var að EBAK hefur rétt á að senda 4 fulltrúar á landsfund LEB 23. - 24. maí n.k. í Hafnarfirði. Eðlilegast að ný stjórn ákveði hverjir verða fulltrúar en rætt hvernig við skyldi bregðast ef lagabreyting yrði ekki samþykkt á aðalfundi EBAK 27. mars n.k..
6. **Gátlisti:** Undirbúningur stjórnar EBAK vegna aðalfundar **félagsins 27. mars nk. Helstu verkefni stjórnar vegna aðalfundar eru þessi:** a) ársskýrsla, b) lagabreytingar, c) uppstillingalisti uppstillinganefndar og þáttur stjórnar í uppstillingu vegna kosninga, d) skýrslur fastanefnda, auk þess golf- og Bugðusíðunefndar, umsjónarmanna heimasíðu, öldungaráðs og notendaráðs. Nöfn flytjenda þurfa að liggja fyrir. e) tillögur/ályktanir stjórnar, f) tillaga um fundarstjóra og tvo ritara, g) tæknimaður vegna hljóðkerfis, tölvu og skjávarpa, h) veitingar (Hildur + kaffinefnd félagsins) i) gestir fundarins, j) kveðja fulltrúa stjórnar, nefnda og aðra sem hætta störfum hjá félaginu með rós, k) auglýsing um fundinn l) minnst látinna féлага í upphafi fundar, m) fjöldi fundarmanna – talning.

Skýringar er varða gátlistann hér að framan:

- b) Í tillögum stjórnar að lagabreytingum við 7. lið eru nýmæli um skipun framkvæmdaráðs og að stjórnin tilnefni tvo fulltrúa og einn varafulltrúa í notendaráð. Engar nýjar tillögur að lagabreytingum komu fram eftir að þær voru auglýstar.
 - d) Nöfn þeirra sem flytja skýrslur nefnda liggja fyrir.
 - i) Gestir aðalfundar verða Bergljót Jónasdóttir og Kristinn J. Reimarsson.
 - j) Alls hætta 9 manns í stjórn og nefndum félagsins.
7. Tillaga stjórnar um árgjald félagsins fyrir árið 2018. Fyrir fundinum lá tillaga frá FKR um að árgjald fyrir árið 2018 verði kr. 2.500, þ.e. óbreytt frá árinu 2017. Tillagan var samþykkt samhljóða.
 8. Stjórnarmenn árituðu reikninga ársins 2016. Gjaldkeri leggur til að félagar borgi árgjald félagsins annað hvort í heimabanka eða fái gíróseðla heim til sín og greiði kostnaðinn við þá. Ekki verði tekið við peningum. Ný stjórn afgreiði þetta.
 9. Office-pakkinn í tölvuna í áskrift. Samþykkt að gjaldkeri nýrrar stjórnar fái kort til að geta greitt fyrir nýjar uppfærslur frá Microsoft, vörukaup o.fl.
 10. Staðsetning skrifstofu EBAK næstu ár og skipulag hennar. Samþykkt að skrifstofan verði áfram þar sem hún er nú en taka þarf til hendinni við skipulag og tiltekt.
 11. Þörf er fyrir námskeið/kennslu í sal Bugðusíðu um notkun á nýja skjávarpanum og tölvunni en það bíður nýrrar stjórnar.
 12. Næsti stjórnarfundur **þriðjudaginn 4. apríl n.k.**
 13. Viðvera á skrifstofu – **29. mars Dóra Steinunn, 5. apríl Jón Aðalsteinn.**
 14. Önnur mál.
 - a) Við stjórnarmenn Félags eldri borgara á Akureyri, Haukur, Dóra, Margrét, Hallgrímur, Jón Aðalsteinn, Kolbrún og Halldór þökkum ykkur sem nú eruð að hætta í stjórn, Aldís, Arnheiður, og Gestur, fyrir farsælt og afar ánægjulegt samstarf á liðnum árum. Megi gæfan fylgja ykkur um ókomin ár.
 - b) Gestur skilaði þakklæti Jóns Gunnþórssonar formanns Félags eldri borgara í Þistilfirði vegna félagsskírteina sem EBAK gerði fyrir þá.
 15. Fleira var ekki á dagskrá og formaður sleit fundi.

Margrét Pétursdóttir
ritari EBAK